

Reglur um könnun og meðferð einstakra barnaverndarmála hjá barnaverndarstarfsmönnum barnaverndarnefndar Kópavogs.

1. gr.

Umboð barnaverndarnefndar Kópavogs til starfsmanna

Reglur þessar eiga sér lagastoð í 3. mgr. 14. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 sem gilda framfar reglum þessum þegar þeim sleppir.

Starfsmönnum barnaverndarnefndar er fallið umboð til könnunar og meðferðar einstakra mála samkvæmt reglum þessum og í samræmi við ákvæði barnaverndarlaga að undanskildum þeim ákvörðunum sem óheimilt er skv. ákvæðum barnaverndarlaga að framselja til starfsmanna.

Barnaverndarnefnd getur hvenær sem er gripið inn í aðgerðir starfsmanna og skulu þeir í störfum sínum framfylgja ákvörðunum nefndarinnar og fara að tilmælum hennar.

2. gr.

Starfsmenn barnaverndarnefndar

Starfsmenn barnaverndarnefndar sem fara með vinnslu máls samkvæmt reglum þessum skulu hafa lokið námi í félagsráðgjöf, sálfræði, lögfræði eða sambærilegu námi.

Starfsmenn verða að búa yfir hæfni og þekkingu til þess að veita foreldrum, stofnunum og öðrum er annast uppeldi viðhlítandi ráðgjöf, fræðslu og leiðbeiningar samkvæmt barnaverndarlögum nr. 80/2002.

Deildarstjóra barnaverndar er heimilt að leita til annarra sérfræðinga sem uppfylla framangreind skilyrði og fela þeim ákveðin verkefni.

3. gr.

Hæfisreglur

Um starfsmenn gilda hæfisreglur II. kafla stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

Starfsmaður barnaverndarnefndar er vanhæfur að fara með barnaverndarmál:

- a. Ef hann er aðili máls, fyrirsvarsmáður eða umboðsmáður aðila.
- b. Ef hann er eða hefur verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða að öðrum lið til hliðar eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar.
- c. Ef hann tengist fyrirsvarsmanni eða umboðsmanni aðila með þeim hætti sem segir í b-lið.

- d. Ef málið varðar hann sjálfan verulega, venslamenn hans skv. b-lið næstu yfirmenn persónulega eða stofnun eða fyrirtæki í einkaeigu sem hann er í fyrirsvari fyrir.
- e. Ef að öðru leyti eru fyrir hendi þær aðstæður sem eru fallnar til þess að draga óhlutdrægni hans í efa með réttu.

Starfsmaður sem veit um aðstæður er kunna að valda vanhæfi hans skal án tafar vekja athygli næsta yfirmanns á því. Félagsmálastjóri tekur síðan endanlega ákvörðun um hvort starfsmaður skuli segja sig frá málinu. Sé starfsmaður vanhæfur til meðferðar máls má hann ekki taka þátt í undirbúningi, meðferð eða úrlausn þess. Honum er þó heimilt að gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að halda málinu í réttu horfi þar til annar starfsmaður tekur við.

Ef mál er það tengt einum eða fleiri starfsmönnum barnaverndarnefndar getur félagsmálastjóri ákveðið að fela vinnslu þess annarri barnaverndarnefnd.

4. gr.

Samstarfs milli barnaverndarnefnda

Ef starfsmenn telja hentugara að mál sé að einhverju eða öllu leyti rekið í öðru umdæmi en þar sem barn á fasta búsetu er þeim heimilt að semja við þá barnaverndarnefnd sem hentugara er talið að fari með málið að málið sé rekið þar. Slík samkomulag skal staðfest á meðferðarfundi.

5.

Trúnaðarskyldur

Allir þeir sem vinna að barnavernd skulu gæta fyllsta trúnaðar um hagi barna, foreldra og annarra sem þeir hafa afskipti af.

Trúnaðarskylda helst þótt starfsmaður láti af störfum.

6. gr.

Meginreglur í barnaverndarstarfi

Starfsmenn skulu beita þeim ráðstöfunum sem ætla má að barni séu fyrir bestu. Hagsmunir barna skulu ávallt hafðir í fyrirrúmi.

Í starfi sínu skulu starfsmenn taka tillit til sjónarmiða og óska barna eftir því sem aldur þeirra og þroski gefur tilefni til. Ávallt skal leita samþykkis barna eldri en 15 ára og þeim skal skipaður talsmaður. Barn eldri en 15 ára telst aðili máls.

Starfsmenn skulu leitast við að eiga góða samvinnu við börn og foreldra þeirra sem þeir hafa afskipti af og ávallt sýna þeim fyllstu nærgætni og virðingu.

Starfsmenn skulu í störfum sínum eiga góða samvinnu sín á milli, við aðrar deildir velferðarsviðs og aðrar stofnanir sem fjalla um málefni barna.

Starfsmenn skulu í störfum sínum og öllum ákvörðunum gæta samræmis og jafnræðis.

Starfsmenn skulu eftir föngum gæta þess að almenn úrræði til stuðnings fjölskyldu séu reynd áður en gripið er til þvingjandi úrræða. Jafnframt skal ávallt miðað við að beitt sé vægustu úrræðum til að ná þeim markmiðum sem stefnt er að. Aðeins skal gripið til þvingjandi ráðstafana ef lögætum markmiðum verður ekki náð með öðru og vægara móti.

7. gr.

Tilkynning máls

Starfsmenn skulu taka við tilkynningum er varða meintar misfellur á aðbúnaði og uppeldi barna. Starfsmenn skulu skrá nákvæmlega efni tilkynningar og annað sem máli skiptir inn í barnaverndartilkynningu í tölvukerfið.

Starfsmenn skulu vekja athygli tilkynnanda á því að honum sé heimilt að óska nafnleyndar gagnvart öðrum en barnaverndarnefnd.

Starfsmaður skal veita tilkynnanda skriflega staðfestingu sé þess óskað, að tilkynning hafi borist og almennar upplýsingar um málsmeðferð vegna tilkynningar. Ákvæði um nafnleynd eiga ekki við um tilkynnendur skv. 17. og 18. barnaverndarlaga.

8. gr.

Neyðarráðstöfun

Við móttöku tilkynningar skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja öryggi barns. Sé talin þörf á beitingu neyðarráðstöfunar skal starfsmaður bera tillögu sína undir yfirmann barnaverndar eða félagsmálastjóra sem framkvæmir ráðstöfunina í umboði formanns barnaverndarnefndar. Upplýsa skal formann barnaverndarnefndar í öllum þeim tilvikum sem neyðarráðstöfun er beitt.

Náist ekki samvinna við foreldra á þessum tíma kann að vera ástæða til þvingunarúrræða sem bera skal undir barnaverndarnefnd innan 14 daga.

9. gr.

Ákvarðanataka

Þegar tilkynning berst eða upplýsingar með öðrum hætti um að vanrækslu eða ofbeldi gagnvart barni eða af hendi barns eða að ófrísk kona kunnri að stofna heilsu eða lífi ófæddis barns síns í hættu með lífernri sínu skulu starfsmenn taka afstöðu til þess án tafar og eigi síðar en innan sjö dagafrá því að tilkynningin eða upplýsingarnar bárust, hvort ástæða sé til þess að hefja könnun máls.

Ákvörðun um að hefja könnun skal ekki tekin nema rökstuddur grunur sé um að tilefni sé til.

10. gr.

Úthlutunarfundir

Úthlutunarfundir eru vikulegir fundir starfsmanna í barnavernd með yfirmanni barnaverndar. Úthlutunarfundur skal að jafnaði fjalla um tilkynningar sem berast og taka ákvörðun um hvort hefja skuli könnun máls.

Sé það niðurstaða fundarins að hefja könnun máls er málinu úthlutað til starfsmanns eða tveggja starfsmanna eftir umfangi og alvarleika þess. Taka skal afstöðu til þess hvort skipa skuli barni talsmann.

11. gr.

Meðferðarfundir

Meðferðarfundir eru sameiginlegir fundir starfsmanna í barnavernd með yfirmanni barnaverndardeildar og lögfræðingi velferðarsviðs, þar sem fjallað er um einstök barnaverndarmál.

Á meðferðarfundum eru teknar ákvarðanir varðandi vinnslu mála s.s., niðurstöður kannana, hvort loka eigi máli, hvort flytja eigi mál, efni meðferðaráætlanir, fósturvistanir og aðrar vistanir utan heimilis og það hvort leggja eigi mál fyrir barnaverndarnefnd til kynningar eða með tillögu um þvingunarráðstafana.

Meðferðarfundur er valdbær sitji a.m.k. 2/3 hluti félagsráðgjafa í barnaverndardeild fundinn.

12. gr.

Könnun máls

Starfsmaður sem hefur fengið máli úthlutað skal afla upplýsinga frá þeim sem um málið geta borið og frá þeim sérfræðingum sem við þykir eiga. Skal jafnan aflað umsagnar skóla barns eða ungmennis eða annarrar stofnunar þar sem barn eða ungmenni dvelur.

Hafa skal samráð við foreldra ef tala á við barn eða ef gera á athuganir á því nema haldgóð rök mæli með öðru.

Sé rökstuddur grunur um að aðstæðum barns sé ábótavant og þjóni það hagsmunum barns er heimilt að fara á annan stað en heimili barns, svo sem í dagvistun, leikskóla, skóla, félagsmiðstöð eða neyðarathvarf til að tala við það í einrúmi eða til að fylgjast með hegðun þess.

Heimilisaðstæður barns skulu kannaðar og rætt við foreldra eða forráðamenn.

Könnun starfsmanna skal miða að því að sem gleggstar upplýsingar fáiast um hagi þess barns sem í hlut á, tengsi þess við foreldra eða aðra, líkamlegt og andlegt ásand þess eða annað sem máli kann að skipta.

Ef grunur er um að brotið hafi verið gegn barni á grundvelli almennra hegningalaga. nr. 19/1940, hefur yfirmaður barnaverndardeildar, lögfræðingur barnaverndar eða félagsmálastjóri umboð til að óska eftir lögreglurannsókn og leggja fram kæru með eða án samþykkis forsjáaraðila, enda leikur grunur á að velferð, lífi eða heilsu barns eða annarra sé stefnt í verulega hættu. Eftir atvikum skal haft samráð við og leita eftir samþykki forsjáaraðila sem hefur barn í sinni umsjá. Þá skal haft samráð við barn eftir atvikum.

Könnun barnaverndarmáls skal ekki vera umfangsmeiri en nauðsyn krefur og henni skal hraðað svo sem kostur er. Ákvörðun um beitingu úrræða skal að jafnaði liggja fyrir innan þriggja mánaða og eigi síðar en fjórum mánuðum eftir að ákvörðun var tekin um að hefja könnun.

Starfsmenn skulu kynna aðilum rétt þeirra til þess að kæra ákvörðun um að loka máli að könnun lokinni til úrskurðanefndar barnaverndarmála.

13. gr.

Meðferðaráætlun

Þegar mál hefur verið nægjanlega kannað að mati starfsmanns skal hann gera grein fyrir niðurstöðu könnunar á meðferðarfundi. Starfsmaður skal leggja fyrir fundinn tillögur sínar að næstu skrefum.

Leiði könnun í ljós að þörf er á úrræðum skal meðferðaráætlun gerð með foreldrum og barnið sem náð hefur 15 ára aldri eða yngra hafi það þroska til. Sérstaklega skal meta þörf á samvinnu við þá sem vinna með málefni viðkomandi barns s.s. leikskóla, skóla og heilsugæslu.

Áætlun um stuðningsúrræði skal gera til ákveðins tíma og endurskoða eftir þörfum. Aðilum er heimilt að skjóta ákvörðun um að loka máli að liðinni meðferðaráætlun til úrskurðanefndar barnaverndarmála.

14. gr.

Þvingunaraðgerðir skv. barnaverndarlögum

Náist ekki samvinna um meðferð máls, úrræði ekki skilað árangri eða ástæða þykir til þess að vista barn utan heimilis, svipta foreldri forsjá barns eða leggja til að ófrísk kona verði svipt sjálfræði, brottvikning heimilismanns eða nálgunarbann skal málið lagt fyrir barnaverndarnefnd.

Starfsmaður skal tilkynna aðilum og barni eldri en 15 ára að málið verði lagt fyrir ráðið með hæfilegum fyrirvara. Starfsmaður skal vekja athygli aðila á rétti þeirra til að mæta á fund barnaverndarnefndar og tjá sig þar munnlega eða skriflega. Einnig ber starfsmanni að vekja athygli aðila á rétti þeirra til lögmannsaðstoðar og möguleika á fjárhagsaðstoð í því skyni.

Um boðun og afhendingu gagna fer skv. ákvæðum 22. gr.

Starfsmaður skal án ástæðulausrar tafar tilkynna aðila um bókanir, ákvarðanir og úrskurði barnaverndarnefndar með sannanlegum hætti. Jafnframt skal hlutaðeigandi aðila leiðbeint um kæruehimildir þegar þær eru fyrir hendi, kærufresti og hvert skuli beina kærinni.

15. gr.

Ráðstöfun barns utan heimilis með samþykki aðila.

Skriflegt samþykki aðila skal liggja fyrir fósturvistun eða annarri ráðstöfun barns utan heimilis. Samþykkið skal undirritað í viðurvist tveggja aðila sem votta að aðilum hafi verið gerð full grein fyrir eðli og réttaráhrifum ráðstöfunarinnar. Barn sem hefur náð 15 ára aldri telst aðili málsins og þarf undirskrift þess vegna ráðstöfunar utan heimilis.

Starfsmenn skulu aðstoða og undirbúa foreldra og barn undir væntanlega ráðstöfun barnsins utan heimilis.

16. gr.

Fóstur

Vistun barns í fóstri sem varir lengur en til þriggja mánaða skal lögð fyrir barnaverndarnefnd til samþykktar. Starfsmenn skulu þar gera grein fyrir ástæður fósturvistunar, hagi og aðstæður væntanlegra fósturforeldra, þarfir og hagsmuni barns og annað sem máli kann að skipta.

Fósturheimili skulu hafa hlotið samþykki Barnverndarstofu. Hefjist vistun barns áður en leyfi er gefið út skal starfsmaður skila umsókn um leyfi ásamt öllum gögnum til Barnverndarstofu eigi síðar en sjö dögum eftir að vistun hefst.

Starfsmenn skulu gera skriflegan fóstursamning við fósturforeldra. Tilgreint skal í fóstursamningi eðli þess stuðnings og eftirlits sem starfsmenn hafa með fósturheimili, greiðslur til fósturforeldra, skyldur þeirra og ábyrgð.

Um greiðslur til fósturforeldra vegna framfærslu barns og fósturlaun fer eftir verklagsreglum frá 24. júní 2004. Komi til álita að greiða fósturlaun umfram þær upphæðir sem verklagsreglur kveða á um skal leggja fram rökstudda tillögu að fósturlaunum á meðferðarfundi. Náist ekki samkomulag við fósturforeldra um greiðslu er unnt að leggja ágreininginn fyrir barnaverndarnefnd.

Starfsmenn skulu veita fósturforeldrum stuðning og leiðbeiningar á meðan á fóstri stendur. Starfsmaður skal hafa eftirlit með fósturheimili og heimsækja fósturheimili a.m.k. einu sinni á ári og oftari ef ástæða þykir til. Starfsmaður skal rita í dagála í lok hvers heimsóknar upplýsingar um líðan og aðstæður barnsins á fósturheimilinu og mat á árangri af fósturráðstöfun, hvernig fósturráðstöfun gengur ásamt dagsetningu heimsóknar.

Telji starfsmaður að fósturforeldri vanræki uppeldishlutverk sitt skal hann gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til verndar barni.

Ef aðstæður fósturforeldra breytast á fósturtímanum skal starfsmaður kanna aðstæður með tilliti til þess hvort endurnýja eða slíta skuli fóstursamningi í ljósi niðurstöðu könnunar.

17. gr.

Meðferðarheimili

Starfsmenn geta vistað börn á meðferðarheimilum á vegum Barnverndarstofu að því tilskyldu að forsjáraðilar séu samþykki ráðstöfuninni. Ef samþykki foreldra og barns eldri en 15 ára liggur ekki fyrir skal málið lagt fyrir barnaverndarnefnd.

18. gr.

Stuðningsfjölskyldur

Einstaklingur eldri en 23 ára og hjón eða sambýlisfólk geta sótt um að gerast stuðningsaðili eða – fjölskylda. Starfsmaður skal leita eftir upplýsingum um umsækjanda og aðbúnað á heimilinu frá öðrum aðilum, svo sem vinnuveitendum, öðrum barnaverndarnefndum, hellbrigðisfulltrúa og eldvarnareftirliti, enda sé umsækjanda gert kunnugt um það.

Áður en barnaverndarnefnd afgreiðir umsókn skal starfsmaður fara a.m.k. einu sinni á heimili umsækjanda og skrifa greinargerð um málið að lokinni gagnaöflun. Umsækjanda skal kynnt greinargerðin og þeim gefinn kostur á að koma að athugasemdum. Að því loknu skal barnaverndarnefnd afgreiða umsóknina með bókun.

Leyfi til að taka að sér hlutverk stuðningsfjölskyldu skal veitt til eins árs í senn. Óski viðkomandi eftir endurnýjuðu leyfi meta starfsmenn hvaða gögn eru nauðsynleg. Þó skulu ætíð liggja fyrir upplýsingar úr sakaskrá og skýrar upplýsingar um atriði sem kunna að hafa breyst auk þess sem starfsmaður skal heimsækja fjölskylduna.

19. gr.

Umsagnir skv. barnaverndarlögum nr. 80/2002.

Óski Barnaverndarstofa eftir umsögn barnaverndarnefndar um einstakling eða hjón/sambúðarfólk sem óska eftir að gerast fósturforeldi skulu starfsmenn annast könnun máls. Leiði að því sérstök rök má afla álits aðkeyþtra sérfræðinga. Skal ákvörðun um slíkt tekin á meðferðarfundi og taka mið af fjárhagsáætlun hverju sinni.

Í umsögn starfsmanns skal fyrst og fremst leggja áherslu á að lýsa heimilishögum, fjölskyldusögu, umhverfi og aðstæðum umsækjenda, svo sem menntun, atvinnu, fjármálum, heilsufari og áhugamálum þeirra. Sérstaklega skal kanna hvort viðkomandi hafi önnur leyfi eða sinni öðrum verkefnum samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga eða sinni umönnun eða umsjá einstaklinga samkvæmt ákvæðum annarra laga. Upplýsingar úr sakaskrá heimilismanna eldir en fimmtán ára skal liggja fyrir. Þá skal kanna með almennum hætti hvernig skólamálum er háttað í skólahverfi umsækjenda.

Við gerð umsagnar skal fara a.m.k. einu sinni á heimili umsækjanda. Að lokinni könnun skal starfsmaður skrifa greinargerð um hagi umsækjanda og gera tillögu um afgreiðslu málsins. Gefa skal umsækjanda kost á að koma að athugasemdum við greinargerð og tillögur. Að því loknu afgreiðir barnaverndarnefnd umsögn með bókun.

Starfsmaður skal senda Barnaverndarstofu bókun barnaverndarnefndar án tafar.

20. gr.

Umsagnir skv. barnalögum nr. 76/2003.

Óski dómari eftir umsögn barnaverndarnefndar áður en forsjármál er til lykta leitt skulu starfsmenn annast könnun máls. Það sama gildir ef sýslumaður óskar umsagnar vegna deilu um umgengnisrétt barns og foreldris sem ekki fer með forsjá þess og ef foreldrar óska eftir að fela þriðja manni forsjá barns með samningi.

Könnun starfsmanns skal miða að því að upplýsa hvernig högum barns hefur verið háttað, aðstæðum og möguleikum foreldra til þess að annast barn, tengsl foreldra og barns og annað sem máli kann að skipta. Eftir því sem ástæða þykir til skal forsaga foreldra könnuð. Starfsmaður

skal kanna viðhorf barns, nema það geti haft skaðvænleg áhrif á barnið eða það sé þýðingarlaust fyrir úrslit málsins.

Leiði að því sérstök rök má afla álits aðkeyptra sérfræðinga. Skal ákvörðun um slíkt tekin á meðferðarfundi og taka mið af fjárhagsáætlun hverju sinni.

Að lokinni könnun skal starfsmaður gera skriflega greinargerð þar sem fram kemur framkvæmd könnunar og helstu niðurstöður. Aðilum máls skal gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við framkvæmd könnunar, greinargerð starfsmanns og önnur gögn málsins.

Þegar greinargerð starfsmanns og athugasemdir aðila liggja fyrir skal málið lagt fyrir barnaverndarnefnd. Starfsmaður skal gera aðilum grein fyrir þeim rétti sínum að mæta á fund nefndarinnar og gera grein fyrir sjónarmiðum sínum.

21. gr.

Umsagnir skv. ættleiðingalögum nr. 130/1999.

Starfsmenn annast könnun mála vegna umsagnar barnaverndarnefndar um ættleiðingar. Á meðferðarfundi er heimilt að ákveða að fela aðkeyptum fagaðila könnun málsins séu til þess rökstuddar ástæður. Umsagnir vegna ættleiðingamála skulu lagðar fyrir barnaverndarnefnd.

Í umsögn skal koma fram hvort fyrirhuguð ættleiðing sé talin barni fyrir bestu. Þá skal koma fram hvort mælt sé með því að ættleiðing verði heimiluð eða ekki. Niðurstaðan skal vera ítarlega rökstudd, eftir atvikum með skírskotun til greinargerðar starfsmanns eða annars fagmanns, sem kannað hefur mál fyrir barnaverndarnefnd og skilað henni greinargerð.

Í umsögn barnaverndarnefndar eða meðfylgjandi greinargerð fagmanns skal koma fram að umsækjendur uppfylli skilyrði III. kafla reglugerðar um ættleiðingar nr. 238/2005, eftir því sem við á. Þá skal gerð grein fyrir þeim atriðum sem tilgreind eru í 1. mgr. 15. gr. reglugerðarinnar.

Í umsögninni skal einnig koma fram lýsing á undirbúningi umsækjenda fyrir komu barns til landsins. Loks skal gerð grein fyrir eftirliti með ungbörnum hér á landi, þ. á m. börnum sem ættleidd eru hingað til lands.

22. gr.

Boðun aðila á fund barnaverndarnefndar

Í þeim tilvikum þar sem aðilar hafa rétt á því að mæta á funda barnaverndarnefndar skal starfsmaður boða viðkomandi skriflega á fund ráðsins.

Í bréfinu skal koma fram tími og staðsetning fundarins ásamt tillögu starfsmanns. Þá skal tilgreint hvar og hvenær aðilar geta nálgast greinargerð starfsmanns, ef hún hefur ekki verið afhent viðkomandi. Aðilar skulu hafa fengið greinargerð starfsmanns í sínar hendur eigi síðar en þrem virkum dögum fyrir fund barnaverndarnefndar.

Í bréfinu skal aðilum leiðbeint um rétt þeirra til að tjá sig munnlega eða skriflega, þar með talið með aðstoð lögmanns, um efni máls og annað sem lýtur málsmeðferðinni áður en barnaverndarnefnd kveður upp úrskurð. Jafnframt skal aðilum leiðbeint um rétt þeirra á styrk

frá félagsþjónustu Kópavogs fyrir lögmannskostnað skv. reglum um veitingu fjárstyrks til greiðslu lögmannsaðstoðar

23. gr.

Gildistaka

Reglur þessar taka gildi 24. maí 2012 og fellur þá úr gildi reglur um könnun og meðferð einstakra barnaverndarmála hjá barnaverndarstarfsmönnum barnaverndarnefndar Kópavogs frá 6. júní 2003.